

Iceland Airwaves er einkaframtak

UMRÆÐAN

Anna Hildur Hildibrandsdóttir skrifar um Iceland Airwaves

Nú í vikunni gerðist það að Icelandair, sem stendur að baki vörumerkinu Iceland Airwaves, gerði samkomulag um að ÚTÓN yrði rekstraraðili hátíðarinnar til fimm ára. Einhvern veginn hefur sá orðrómur komist á kreik að með þessu sé verið að ríkisvæða Iceland Airwaves. Og fyrirsögn föstudagsútgáfu Fréttablaðsins, „Iceland Airwaves komið í hlýjan faðm ríkisins“ ýtir undir það. Þetta rímar reyndar mjög við það orðspor að tónlistarmenn séu á jötu ríkisins og mikið ríkisstyrktir. Hér verður gerð tilraun til að leiðrétta þann misskilning.

ÚTÓN er viðskipta- og markaðsskrifstofa fyrir íslenska tónlist sem sett er upp af frumkvæði tónlistargeirans. Tónlistargeirinn er orð sem er notað yfir tónlistarmenn bæði höfunda og flytjendur og fyrirtæki sem starfa við framleiðslu, útgáfu og dreifingu á tónlist.

Fjárfesting sem skilar margföldum arði

Árið 2005 var gerð norræn könnun þar sem niðurstaðan varð sú að 1700 útlendingar sem sóttu hátíðina eyddu yfir 300 milljónum í vörur og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Af þessum 300 milljónum runnu um 70 milljónir til ríkisins í formi virðisaukaskatts. Framlög til Tónlistarsjóðs til stuðnings og kynningar á íslenskri tónlist námu þá 50 milljónum og hafa dregist saman ár frá ári. Virðisaukaskattur af þessum eina tónlistarviðburði á einni helgi yfir vetrartíma greiddi því öll framlög Tónlistarsjóðs, sem rekinn er á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og gott betur.

Eða ef við setjum þetta í annað samhengi þá nema tekjur af þessari einu hátíð nærri öllum þeim framlögum sem ríkissjóður greiðir árlega í formi listamannalauna til höfunda og flytjenda tónlistar.

Þeim litlu fjárfestingum sem veitt hefur verið í stuðning við Airwaves hafa því skilað margföldum arði fyrir samfélagið. Þetta er eitt af fjölmörgum dæmum um



ANNA HILDUR HILDIRBRANDSDÓTTIR

vel heppnaða nýsköpun sem skilar sér ríkulega til baka í samfélagssjóðina.

ÚTÓN hóf starfsemi fyrir rúmlega þremur árum og er hluti hennar greiddur með framlögum frá tónlistargeiranum sjálfum. Fastaframlag ríkisins er 10 milljónir og er um það gerður sérstakur samstarfssamningur. ÚTÓN tekur að sér ýmis önnur verkefni samkvæmt öðrum samstarfssamningum en staðreyndin er sú að flest verkefni sem skrifstofan kemur nálægt skapa verðmæti, veltu og störf. ÚTÓN er einkaframtak tónlistargeirans og er í mjög góðu samstarfi við ráðuneyti og ríkisstofnanir. Sem betur fer hefur stjórnarsýslan áttað sig á því að gott er að sækja sérþekkingu og virkja þá viðskiptavild sem þegar er til staðar í tónlistargeiranum fremur en að reyna að ríkisstýra allri slíkri starfsemi. Þessi skilningur hefur skapað jarðveg fyrir farsælt samband á milli einkaframtaks og ríkisframlaga sem skila margföldum hagrænum áhrifum. En betur má ef duga skal.

Tónlist er arðbær

Í tónlistinni eru tækifærin allt í kringum okkur. Efla má tónlistartengda ferðamennsku í kringum þær 30 tónlistarhátíðir sem haldnar eru á Íslandi ár hvert. Leggja má áherslu á Ísland sem upptökuland tónlistar til að fjölga erlendum verkefnum í vel útbúnum hljóðverum og skoða má það frekar að skapa gott umhverfi fyrir höfundarréttarfyrirtæki, en tónlistarmenn hafa margoft bent á þennan valkost. Þetta eru aðeins örfáar hugmyndir þar sem auknar fjárfestingar myndu skapa störf og skila margföldum arði í hinn hlýjan faðm ríkisins. Vaxtarsprotinn er og verður alltaf í mannauði og sköpunarkrafti sem einstaklingar og einkageirinn leggja af mörkum.

Höfundur er framkvæmdastjóri ÚTÓN.